

Erindisbréf nefndar um blóðhlutanotkun

Hlutverk

Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að bættri blóðbankaþjónustu og öruggri og markvissri blóðhlutanotkun með því að skapa trausta umgjörð um verkferla og vinnulag. Í þessu skyni skal nefndin:

- Stuðla að réttri, nákvæmri og öruggri notkun blóðhluta.
- Miðla upplýsingum um viðurkennt verklag („best practice“) um blóðhlutagjafir með það að leiðarljósi að:
 - Auka gæði og öryggi blóðbankaþjónustu.
 - Draga úr óþarfa notkun og sóun blóðhluta.
 - Tryggja að nægilegar og hæfilegar blóðhlutabirgðir séu tiltækar í landinu.
- Stuðla að gerð og innleiðingu klínískra leiðbeininga á sviði blóðhlutanotkunar og blóðbankaþjónustu
- Framkvæma reglulegar úttektir á notkun blóðhluta í samvinnu við Blóðbankann og klínískar deildir.
- Fara yfir skráð frávík á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri er varða notkun og inngjöf blóðhluta.
- Skoða sérstaklega hvernig skal tryggja rekjanleika blóðhluta við inngjöf.
- Meta þörf á staðsetningu og aðstöðu blóðhlutabirgða á klínískum deildum („útstöðvar, blóðskápar“).
- Vera framkvæmdastjórum lækninga á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri sem og öðrum til ráðgjafar um notkun blóðhluta sé þess óskað.

Skipan

Nefnd um blóðhlutanotkun skal skipuð læknum og hjúkrunarfræðingum frá Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Frá Landspítala skulu sitja fimm læknafráir í nefndinni frá aðgerðasviði og meðferðarsviði. Í nefndinni sitja einnig tveir hjúkrunarfræðingar frá Landspítala, sérfræðingur frá Blóðbankanum og sérfræðilæknir frá Sjúkrahúsinu á Akureyri. Nefndarmenn eru skipaðir til þriggja ára í senn. Framkvæmdastjórar lækninga á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri skipa sérfræðilækna til setu í nefndinni. Nefndin starfar á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala og skipar hann formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

Fundir

Nefnd um blóðhlutanotkun skal setja sér starfsreglur og boðar formaður fundi. Nefndin heldur fundargerðir og birtir þær á vef Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri.

Landspítala, 10. maí 2022

Ólafur Baldursson
framkvæmdastjóri lækninga

Undirritunarsíða

Ólafur Baldursson